



Fjallkonan í Winnipeg og að Gimli 1924-1964

Bjarni Benediktsson – Forsætisráðherra – Vestur-Íslendingar – Fjallkonan – Winnipeg – Gimli

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-31, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjallkonan

Í WINNIPEG
OG AD GIMLI
1924 - 1964



ÍSLENDINGADAGURINN

WINNIPEG, MANITOBA, 1964

FJALLKONAN

í Winnipeg og að Gimli

1924 – 1964



ÍSLENDINGADAGURINN

Winnipeg, 1964



ÍSLEENDINGADAGURINN

Fjallkonan

Fyrsta kvæðið í ljóðabók Eggerts Ólafssonar, sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1832, meir en hálfri öld eftir dauða höfundarins, nefnist Ísland og hefir að aðfararorðum eftirfarandi athugasemd skáldsins:

„Ísland. Eitt kvæði er svo kallast, í hvörju Ísland, í líkingu einnar konu, segir æfisögu sína, eðr eitt og annað markverðugt, sem á þess daga hefir drifið uppfrá því það byggðist og niðr til þessara tíma.“

Í þriðja erindi nefnds kvæðis er lýsing á búnaði Ísafoldar, eins og hann var til forna:

Þá var eg bezt í blóma:
búin í gull og skart
sat eg fríð með sóma,
sólbirtan snart
faldinn lýsti fagurleg;
klæðin græn og krystalsbönd
klæddu og prýddu mig.

Í framangreindum línum kemur fjallkonan fyrst fram á sjónarsviðið í fullum skróða. Bágt er að segja með vissu, hvenær íslenzkur almenningur kynntist kvæði Eggerts. Sennilega hefir það þó verið allþekkt fyrir dauða hans, sem bar að höndum árið 1768, en frá þeim tíma er mikill fjöldi handrita af ljóðum Eggerts, sem hlutu snemma miklar vinsældir, enda þótt þau væru ekki prentuð fyrr en löngu síðar.

Íslands minni Bjarna Thorarensens eða „Eldgamla Ísafold“, ort um 1810, jók kynni fólks af fjallkonunni að miklum mun, enda hafa allir Íslendingar notað það ljóð sem eins konar þjóðsöng æ síðan. Má geta þess, að flestum samkomum Vestur-Íslendinga lýkur enn með lofgjörð Bjarna um fjallkonuna.

Fjallkonan er tákn (symbol). Hún er Ísland, en þjóðin sjálf er barnahópur fjallkonunnar, enda ræðir hún í ljóði um „móðurhjartað“ og „barnalán“.

Þó að fjallkonan sé mjög bundin ættjarðarljóðum, eru þó hugmyndir fólks um hinn ytri búnað hennar ekki einvörðungu þangað sóttar, eins og nú skal að vikið.

Árið 1866 kom út síðara bindi Íslenzkra þjóðsagna í enskri þýðingu þeirra Eiríks Magnússonar bókavardar í Cambridge og George Powell, en framan við það bindi birtist fjallkonan í fyrsta sinn á mynd, og er þeirri mynd lýst í bréfi frá Eiríki Magnússyni til Jóns Sigurðssonar forseta á þessa leið: „Konumyndin á að tákna Ísland, því hún hefir ískórónu á höfði, sem eldar gjósa upp úr. Á öxl hennar situr hrafinn, Íslands einkennilegasti fugl, Óðins forni vin og skáldanna eftirlætisgoð, fréttafugl mikill og margkunnugur. Yfir sjónum flögrar már, en yfir brimsævi tíma og sögu berast rúnakefli að landi eða upp í fang konunni, og hefir hún þegar náð einu þeirra. Þetta átti svo sem að vera symbolum (tákn) bókmenntalandsins og sögulandsins okkar. Yfir er nótt og stirndur himinn og máninn uppi. Á bak við eru fjöll, tunglroðin á eggjunum.“

Myndin var gerð af þýzkum málara í London, Zwecker að nafni eftir tillögum Eiríks Magnússonar. Átta árum eftir að myndin birtist á prenti í þýðingu þeirra féлага, tók Benedikt Gröndal skáld hana traustataki og felldi hana inn í hina frægu þjóðhátíðarmynd sína. Barst nú fjallkonan inn á hvert heimili á Íslandi að kalla og víða um útlönd. Sá var þó hængurinn á, að Gröndal hafði láðst að biðja hlutaðeigendur fararleyfis fyrir fjallkonuna, og varð því ekki stugglaust með honum og Eiríki Magnússyni um skeið.

Þó að fjallkonumynd Eiríks Magnússonar yrði á margan hátt fyrirmynd, hafa hinar síðari stallsystur fjallkonunnar aukið fornan búning að kvenlegri tign og ágætum.

Sumarið 1924 birtist fjallkonan í fyrsta sinn í mannfagnaði á Íslendingadagshátíð í Winnipeg. Sú nýbreytni þótti auka svo mjög á virðuleik hátíðarhaldsins, að æ síðan hefir fjallkonan tekið til máls á Íslendingadögum, bæði í Winnipeg og að Gimli.

Bók sú, sem hér birtist, er gefin út af Íslendingadagsnefnd, og hefir hún að geyma myndir af öllum þeim „fósturlandsins freyjum“, sem hafa brugðið sér í gervi fjallkonunnar á Íslendingadögum í Winnipeg og að Gimli frá upphafi til þessa dags. Hér er um að ræða eins konar hátíðarútgáfu á sjötíu og fimm ára afmæli Íslendingadagsins, og er útgáfan helguð þeirri einu fjallkonu, sem æ hefir verið höfuðinntak og kjarni vorra íslenzku mannfunda.



1924

Sigrún Lindal, M. Hannes J. Lindal kornkaupmaður í Winnipeg.
Foreldrar: Gunnlaugur Helgason og k.h. Jóhanna Helga Sigurðardóttir. Sigrún lézt 4. febrúar 1963.



1925

Stefanía Sigurðsson Prescott, afgreiðslustúlka hjá Robinson's
Department Store. Gift síðar Fred L. Prescott aðalbókara í Winni-
peg. Foreldrar: Sigurbjörn Sigurðsson og k.h. Sigríður Jónsdóttir.



1926

Ida Dorothy Swainson, afgreiðslustúlka hjá Hudson's Bay Company í Winnipeg. Foreldrar: Swain Swainson og k.h. Ovida Jóelsdóttir.



1927

Salín Guttormson, M. Peter B. Guttormson læknir í Winnipeg. Foreldrar: Kristján Reykdal og k.h. Sigurborg Sigfúsdóttir.



1928

Guðrún Blondal. M. August Blondal, læknir í Winnipeg.
Foreldrar: Stefán Pétursson og k.h. Geirprúður Jónsdóttir.



1929

Margrét Backman Kirshaw, hjúkrunarkona. Giftist síðar
Charles G. Kirshaw, bankastjóra, sem nú er látinn. Foreldrar:
Friðjón Backman og k.h. Salome Bjarnadóttir.



1930

Ingiríður Jónsson, M. Séra Björn B. Jónsson prestur í Winnipeg. Foreldrar: Guðmundur Johnson og k.h. Guðný Símonardóttir. Ingiríður lézt 26. apríl 1951.



1931

Sigríður Björnsson, M. Ólafur Björnsson læknir í Winnipeg. Foreldrar: Jón Brandsson og k.h. Margrét Guðbrandsdóttir. Sigríður lézt 14. marz 1932.



1932

Sigríður Olson. M. Baldur H. Olson, læknir í Winnipeg. Foreldrar: Jón Jónsson frá Mýri og k.h. Kristín Jónsdóttir. Sigríður lézt 8. maí 1964.



1933

Jórunn H. Lindal. M. Walter J. Lindal lögfræðingur, síðar dómari í Winnipeg. Foreldrar: Magnús Hinriksson og k.h. Kristín Þorsteinsdóttir. Jórunn lézt 1. nóv. 1941.



1934

Jónína Stephenson. M. Guðmundur K. Stephenson, pípulagn-
ingameistari í Winnipeg. Foreldrar: Jón Friðfinnsson og k.h. Anna
Jónsdóttir.



1935

Lára B. Sigurðsson, ekkja Inga Sigurðssonar starfsmanns
Canadastjórnarinnar í Churchill. Foreldrar: Bergþór Þórðarson og
k.h. Kristjana Sigurðardóttir.



1936

Björg V. Isfeld. M. Eric Isfeld framkvæmdastjóri í Winnipeg.
Foreldrar: Hermann Guðmundsson Hermannsson og k.h. Guðrún
Snjólaug Jónsdóttir.



1937

Lillian Murdoch. M. Lawson E. Murdoch, læknir í Selkirk.
Foreldrar: Grímur Gíslason Eyman og k.h. Jónna Ólavía Nordal.



1938

Halldóra Jakobson. M. Steindór Jakobson, kaupmaður í Winnipeg. Foreldrar: Lárus Guðmundsson og k.h. Ingibjörg Guðmundsdóttir.



1939

Lóa Davidson, ritari hjá Sovereign Life Assurance Company of Canada. Foreldrar: Stefán Davidson og Kristjana Sigurðardóttir.



1940

Lilja Eylands. M. Séra Valdimar J. Eylands, prestur í Winnipeg. Foreldrar: Guðbjartur Jónsson og k.h. Guðrún Ólafsdóttir.



1941

Kristín Friðrikka Jónasson. M. Guðmundur F. Jónasson, kaup-sýslumaður í Winnipeg. Foreldrar Guðjón Jónsson og k.h. Salína Sigurlaug Kristjánsdóttir.



1942

Gerður Jónasdóttir Steinþórsson. M. Eggert Steinþórsson, læknir í Reykjavík. Foreldrar: Jónas Jónsson frá Hriflu og k.h. Guðrún Stefánsdóttir.



1943

Guðrún Skaptason. M. Jóseph B. Skaptason, fiskimálastjóri í Winnipeg. Foreldrar: Símon Símonarson og k.h. Valdís Guðmundsdóttir. Guðrún lézt 13. okt. 1960.



1946

Pearl Johnson. M. Lincoln Johnson framkvæmdastjóri Guaranty Trust Company í Winnipeg. Foreldrar: Halldór Þórólfs-son og k.h. Friðrikka Jónsdóttir.



1947

Kristín Hilda Stefánsón. M. Stefán Björgvin Stefánsón, skóla-
stjóri í Winnipeg. Foreldrar: Hreggviður Sigurðsson og Guðrún
Torfadóttir.



1948

Matthildur Halldórson, afgreiðslustúlka hjá T. Eaton Co. Ltd. Winnipeg. Foreldrar: Jóhann Kristján Halldórson og k.h. Kristín Jónasdóttir.



1949

Hólmfríður Danielson. M. Hjálmur F. Danielson, landbúnaðar-ráðunautur í Winnipeg. Foreldrar: Ólafur Ólafsson og k.h. Ragnheiður Sigurrós Bjarnadóttir.



1950

Steina Sommerville. M. Andrew K. Sommerville læknir í Winnipeg. Foreldrar: Jónas Stefánsson og k.h. Steinunn Grímsdóttir.



1951

Ingibjörg Jónsson. M. Einar Páll Jónsson, ritstjóri í Winnipeg. Foreldrar: Vilhjálmur Sigurgeirsson og k.h. Kristín Þóra Helgadóttir.



1952

Friðbjörg Jóhanna Jónasson. M. J. Victor Jónasson skrifstofu-
maður í Winnipeg. Foreldrar: Bergsveinn Matthíasson Long og
k.h. Þuríður Indriðadóttir.



1953

Jörunn Vigdís Thordarson, kennari að Gimli. Foreldrar: Sig-
urður Þórðarson og k.h. Guðríður Þorvaldsdóttir.



1954

Lina Goodman. M. Paul W. Goodman rafvirki, borgarráðsmaður í Winnipeg. Foreldrar: Ágúst G. Polson og k.h. Elisabet Þuríður Gísladóttir.



1955

Snjólaug Sigurdson, hljómlistakennari í Winnipeg. Foreldrar: Sigurjón Sigurðsson og k.h. Jóna Guðriður Jónsdóttir Vopni.



1956

Arnheiður Eyolfson. Ekkja Friðriks F. Eyolfson. Foreldrar: Guttormur J. Guttormsson, skáld og k.h. Jensína Júlía Daniélsdóttir. Arnheiður lézt 15. maí 1962.



1957

Margrét Helga Scribner. M. F. E. Scribner, læknir að Gimli. Foreldrar: Ólafur Helgi Ólafsson og k.h. Guðrún Sigríður Árna-dóttir.



1958

Olavia Finnbogason. M. Guttormur Finnbogason, endurskoðandi í Winnipeg. Foreldrar: Páll Sigurgeirsson Bardal og k.h. Halldóra Björnsdóttir.



1959

Sigrún Stefánson. M. Eric Stefánson tryggingasali, þingmaður, Gimli. Foreldrar: Sigfús Sigurðsson og k.h. Sigurlaug Jónsdóttir Freeman.



1960

Doris Johnson. M. George Johnson, læknir, ráðherra í Winnipeg. Foreldrar: August Blondal og k.h. Guðrún Stefánsdóttir.



1961

Ellen Guðrún Magnússon, kennari að Gimli, ekkja Franklins B. Magnússonar jarnbrautarlestastjóra. Foreldrar: Paul T. Frederickson og k.h. Elissa Björnsdóttir.



1962

Ingibjörg Goodridge, ekkja Archer Goodridge skólastjóra í Winnipeg. Foreldrar: Guðmundur Bjarnason og k.h. Halldóra Petrína Halldórsdóttir.



1963

Guðrún Stevens. M. Lawrence Stevens fiskimaður að Gimli. Foreldrar: Jón B. Johnson og k.h. Jósefína Jósepsdóttir.



1964

Ásgerður Bessason. M. Haraldur Bessason, prófessor. Foreldrar: Haraldur Ágústsson og Steinunn Ólöf Helgadóttir.

MYNDASKRÁ

- 1924 SIGRÚN LINDAL
- 1925 STEFANIA SIGURÐSSON
- 1926 IDA DOROTHY SWAINSON
- 1927 SALÍN GUTTORMSON
- 1928 GUÐRÚN BLONDAL
- 1929 MARGRÉT BACKMAN
- 1930 INGIRÍÐUR JÓNSSON
- 1931 SIGRÍÐUR BJÖRNSSON
- 1932 SIGRÍÐUR OLSON
- 1933 JÓRUNN H. LINDAL
- 1934 JÓNÍNA STEPHENSON
- 1935 LÁRA B. SIGURÐSSON
- 1936 BJORG V. ISFELD
- 1937 LILLIAN MURDOCH
- 1938 HALLDÓRA JAKOBSON
- 1939 LÓA DAVIDSON
- 1940 LILJA EYLANDS
- 1941 KRISTÍN FRÍÐRIKKA JÓNASSON
- 1942 GERÐUR JÓNASDÓTTIR STEINÞÓRSSON
- 1943 GUÐRÚN SKAPTASON
- 1944 SOFÍA WATHNE
- 1945 ÓLÍNA PÁLSSON
- 1946 PEARL JOHNSON
- 1947 KRISTÍN HILDA STEFÁNSSON
- 1948 MATTHILDUR HALLDÓRSSON
- 1949 HÓLMFRÍÐUR DANIELSON
- 1950 STEINA SOMMERVILLE
- 1951 INGIBJÖRG JÓNSSON
- 1952 FRÍÐBJÖRG JÓHANNA JÓNASSON
- 1953 JÓRUNN VIGDÍS THORDARSON
- 1954 LINA GOODMAN
- 1955 SNJÓLAUG SIGURDSON
- 1956 ARNHEIÐUR EYOLFSSON
- 1957 MARGRÉT HELGA SCRIBNER
- 1958 OLAVÍA FINNBOGASON
- 1959 SIGRÚN STEFÁNSON
- 1960 DORIS JOHNSON
- 1961 ELLEN MAGNÚSSON
- 1962 INGIBJÖRG GOODRIDGE
- 1963 GUÐRÚN STEVENS
- 1964 ÁSGERÐUR BESSASON

